

Tilefni fundar			Síða
Aðalfundur GHG			1 (4)
Dags. fundar	Tími	Málalykill	Nr. fundar
31. janúar 2021	17:00 – 19:00	Aðalfundur	1
Fundarstjóri	Fundarritari		Dags.
Kristinn Kristjánsson	VD		
Fundarmenn			
Afrit			

Lýsing	Ábyrgð	Lokið fyrir
<p>1. Fundarsetning, fundarstjóri, ritari</p> <p>Össur Friðgeirsson formaður ávarpaði fundinn og gerði tillögu um Kristinn Kristjánsson sem fundarstjóra og Vigni Demusson sem fundarritara – það var samþykkt.</p> <p>Kristinn tók við sem fundarstjóri og setti fundinn.</p> <p>30 manns mættu á þennan aðalfund GHG.</p> <p>Kristins Daníelssonar fyrrverandi framkvæmdastjóra golfklúbbsins minnst með því að fundarmenn risu á fætur, en Kristinn lést á síðasta ári.</p>		
<p>2. Skýrsla stjórnar um starfsárið 2020</p> <p>Lesin yfir af Össuri, Vigni, Sveini, Hafsteini og Huldu</p> <p>Skýrsla stjórnar er hjálögð og verður ekki endurrituð hér. Nefnt var sérstaklega að það vanti aldurshópin börn og unglíngi í klúbbastarfið.</p> <p>Vignir fór yfir vallarnefndar-starfið.</p> <p>Hafsteinn nefndi sérstaklega starfsdaginn og mikilvægi hans.</p> <p>Sveinn fór yfir mótamálin</p> <p>Hulda fór yfir kvennamálefnið – þær voru með kynningu á golfboxi (Einar og Erlingur), vaxandi áhugi og fjölgar í hópnum. Nefndi diskó golfið sem dæmi (Hulda, Inga Dóra og Valdís).</p> <p>Össur lokaði svo umræðum og yfirferð skýrslunnar.</p> <p>Sigrún hrósaði stjórn og þakkaði fráfarandi formanni fyrir hans störf.</p> <p>Skýrsla stjórnar borin upp og samþykkt einróma.</p>		
<p>3. Ársreikningur 2020</p> <p>Sveinn fór yfir ársreikning 2020, mjög góð afkoma af rekstrarárinu, hagnaður upp á 12,1millj. Eigið fé í lok tímabils er 19,3 millj.</p> <p>Ársreikningur er hjálagður fundargerðinni og verður ekki gerð frekari grein fyrir honum hér.</p>		

Lýsing	Ábyrgð	Lokið fyrir
<p>Umræður um ársreikninginn – gaman fyrir klúbbinn að geta skilað svona góðri afkomu í ljósi aðstæðna, gott að eiga borð fyrir báru.</p> <p>Stjórn hrósað fyrir vel unnin störf. Meðvitað dregið úr öllum áætlunum og framkvæmdum (ÓF), kannski biðum við of lengi. Sveinn þakkaði Auðunni kærlega fyrir hans framlag.</p> <p>Aukin útgjöld á næsta ári – eðlilegt að eytt verði meira á næsta ári þar sem öllum fjárfestingum og viðhaldi var haldið í algjöru lágmarki á síðasta ári – skýrir að hluta þann mikla hagnað og það eigið fé sem eftir stendur á uppgjörsárinu.</p> <p>Ársreikningur ársins 2020 borinn upp og var hann samþykktur einróma.</p>		
<p>4. Félagsgjöld</p> <p>Kristinn fór yfir tillögu frá stjórn sem gerir ráð fyrir 3% hækkun á félagsgjöldum á milli ára. Kristinn fór yfir listann (sundurliður)</p> <p>Erlingur Arthúrssson spyr af hverju gjöldin eru ekki rúnnað upp og höfð á heilum þúsundum en ekki höfð í hundraðshlutum. Þórhallur Einisson (Tolli) tók undir þetta og lögðu þeir fram breytingartillögu sem hljóðar:</p> <p>„Rúnna upphæðir á árgjöldum fyrir árið 2021 upp að heilu þúsundi næstu fyrir ofan“.</p> <p>Þuríður Gísladóttir vakti athygli á árgjaldi fyrir börn og unglunga og kom með eftirfarandi breytingartillögu:</p> <p>„Tillaga um breytingar á árgjaldi fyrir 18 ára og yngri</p> <ul style="list-style-type: none"> - 13-15 ára verði 0 kr - 16-18 ára verði sem nemur gjaldi golfklúbbsins til til GSÍ“ <p>Opnað var inn á umræður um félagsgjöldin og var tillagan samþykkt samhljóma á fundinum með ofangreindum breytingum.</p>		
<p>5. Fjárhagsáætlun 2021</p> <p>Sveinn fór yfir að við færum varlega af stað og fór hann yfir forsendur áætlunar fyrst.</p> <p>Áætluð afkoma 4,3 millj. og að handbært fé í lok tímabils verði 14,1 millj.</p> <p>Erlingur nefnir að enn eitt árið sé ekki gert ráð fyrir golfhermi í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.</p> <p>Umræður sköpuðust um málefnið og voru ekki allir sammála um ágætið og að þetta yrði notað af einhverju ráði og því að þetta myndi endilega auka áhuga barna- og unglunga á starfinu í klúbbnum, en þetta er samt sem áður mjög þarft verkefni og flestir sammála um það. Mun nýtast í áframhaldandi uppbyggingu golfklúbbsins.</p>		

Lýsing	Ábyrgð	Lokið fyrir
<p>Það kom einnig fram að klúbburinn hefur ekki haft húsnæði undir þetta hingað til, nú er búið að endurbyggja hlöðuna en það á eftir að klára hana og eyða peningum í hana til að gera hana hæfa undir þetta – þetta eru dýr tæki og tól sem til þarf !</p> <p>Eftir umræður þá lagði fundurinn til að farið verði í að skoða golfhermis framkvæmdir frekar og eftirfarandi var ákveðið af fundinum: Félagar hér á aðalfundi leggja til að:</p> <p>Stjórn GHG verði gefið leyfi til að kosta til 2 millj. til að þetta verði fært til fjárfestingar á árinu – hefur þá ekki áhrif á rekstur ársins, sett þannig inn í áætlun ! Málið er afgreitt og samþykkt</p> <p>Ennfremur voru umræður um eigið fé og í hvað klúbburinn á að setja pening í?, en ekki að safna upp eigin fé eins og raunin var á þessu rekstrarári.</p> <p>Stjórn á fyrst og fremst að passa uppá að bókhaldsjafnan gangi upp, þetta er ekki fjárfestingarfyrirtæki og klúbburinn er ekki að greiða út arð til félagsmanna ! – það á að fjárfesta í hlutum sem sannanlega skila sér í bættum rekstri klúbbsins og bættu ánægjustigi félagsmanna.</p> <p>Settur verði meiri peningur í þörf málefni sem dæmi og það er þokkalegt borð fyrir báru – fundurinn ályktar að þetta verði gert.</p> <p>Puríður lagði til þar sem t.d. golfhermir væri ekki á áætlun, að þetta yrði skipt niður á t.d. 2 til 3 ár – hvernig á að reka það o.s.frv.</p> <p>Puríður spyr hvort það sé raunhæft að rekstrarstjóri sé í hálfu starfi. Það kostar pening að afla peninga, stjórnarmenn sýni stuðning – áskorun til nýrrar stjórnar um að endurskoða stöðugildin.</p> <p>Fjárhags- og rekstraráætlun fylgir með þessari fundargerð og verður ekki endursögð í fundargerðinni.</p> <p>Rekstrar- og fjárhagsáætlun borin upp og samþykkt samhljóma.</p>		
<p>6. Lagabreytingar</p> <p>Engar lagabreytingar voru á þessum fundi</p>		
<p>7. Kosningar</p> <p>Össur Friðgeirsson formaður gefur ekki kost á sér en Vignir Demusson hefur gefið kost á sér til formanns Til formanns Vignir Demusson – var samþykkt einróma og flutti Vignir ræðu formanns.</p>		

Lýsing	Ábyrgð	Lokið fyrir
<p>Hafsteinn Bjarnason hefur ákveðið að ganga úr stjórn.</p> <p>Haukur Hauksson hefur ákveðið að ganga úr stjórn en hann gegndi embætti varamanns.</p> <p>Kosning 3ja stjórnarmanna til tveggja ára og var tillaga stjórnar um Erling Arthúrssón, Þórhall Einisson og Ingu Dóru Konráðsdóttur til stjórnarsetu samþykkt einróma.</p> <p>Kosning 3ja varamanna til eins árs, tillaga um Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Arnar Geir Helgason og Hjört Björgin Árnason og var hún samþykkt og í þessari röð.</p> <p>Kosning 2ja skoðunarmanna til eins árs og eins til vara, Eyvindur Bjarnason, Sigrún Arndal og Steingrímur Ingason - samþykkt.</p>		
<p>8. Viðurkenningar til félagsmanna:</p> <p>Daði Ingimundarson fékk jaxlabikarinn.</p> <p>Auðunn og Erlingur fengu viðurkenningu fyrir vel unnin störf á síðasta ári, Auðunn fyrir hans störf varðandi ársreikning og gerð fjárhagsáætlunar og Erlingur fyrir hans störf í utanumhald á mótum klúbbsins og innleiðingu á Golfboxinu.</p> <p>Feðgarnir Ásgeir Andrason og Andri Ásgeirsson fengu verðlaun fyrir miðvikudagsmótaröðina.</p> <p>Háttvísibikarinn fékk Finnur Jóhannsson fyrir vel unnin störf.</p> <p>Blóm afhent og fengu Hafsteinn og Össur verðlaun og þakkir fyrir vel unnin störf í stjórn á undanförunum árum.</p>		
<p>9. Önnur mál</p> <p>Sveinn Pálsson kom með tillögu að aðstöðu félagsmanna, en á Ísafirði var t.d. farin sú leið að leigutakar borga /kaupa skápa til einhvers tíma og er þar frábær aðstaða í kjallara klúbbhússins. Sveinn benti á að það er frekar draslaralegt í komponum okkar og er það alveg hárrétt ! – nefndi sérstaklega að ísfirðingurinn í klúbbnum (Erlingur) þekkti til málsins og að ísfirðingarnir sem þau hjónin hittur þegar þau spiluðu fyrir vestan vitnuðu í Erling varðandi þetta ! – stjórn skoði þessi mál vel.</p> <p>Spurning hvort rætt hefði verið að setja annan teig við teigana svo völlum sé spilaður á annan hátt þegar seinni 9 holur eru spilaðar í 18 holu golfhring !, þetta hefur verið rætt en það er ekki allstaðar pláss á öllum brautum en vert að skoða og sérstaklega þar sem pláss er fyrir teiga.</p>		

Lýsing	Ábyrgð	Lokið fyrir
Hefur verið rætt um að koma upp tveimur teigum – vallarnefndin skoði málið. Fundir slitið kl. 19:00		

Árgjald fyrir árið 2021

	Tillaga stjórnar (3%)	Tillaga aðalfundar
Árgjald 30-66 ára	70.700.-	71.000.-
Árgjald 67 ára +	40.600.-	41.000.-
Árgjald, hjónagjald	111.400.-	112.000.-
Árgjald, öryrkjar	40.600.-	41.000.-
Árgjald 19-29 ára	40.600.-	41.000.-
Árgjald 16-18	20.900.-	Sem nemur kostnaði til GSÍ
Árgjald 13-15 ára	8.000.-	0.-
Árgjald 12 ára og yngri	0.-	0.-
Aukafélagi (annar aðalklúbbur)	49.900.-	50.000.-